

Ed.

35. Frumvarp til laga

[35. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Aftan við 26. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í Reykjavík kemur félagsmálaráð í stað framfærslunefndar og annast framkvæmd framfærslumála. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 20. júlí 1967, um nýskipan félagsmála í Reykjavík. Samþykkt borgarstjórnar er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Samþykkt borgarstjórnar frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála.

1. Stefnt skal að því, að félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar verði samræmd með því að fella hana undir eina stjórn. Megináherzlu skal leggja á fjölskylduvernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga og að sami félagsmálastarfsmaður fjalli sem mest um hvert heimili.
2. Stofna skal félagsmálaráð, er samræmi félagsmálastarf borgarinnar og fari með stjórn félagsmálastofnunarinnar, sbr. 3. lið. Félagsmálaráð heyri undir borgarstjórn, sem setur nánari reglur um verksvið þess. Að því skal stefnt, að félagsmálaráð taki að sér að nokkru eða öllu leyti þau verkefni, sem í lögum eru falin framfærslunefnd, barnaverndarnefnd og áfengisvarnarnefnd. Skal borgarráð vinna að tillögum um nauðsynlegar lagabreytingar í þessu efni.

Að öðru leyti eru viðfangsefni félagsmálaráðs sem hér segir:

- a. verkefni, sem ákveðin eru í lögum eða af borgarstjórn, þar með talin verkefni nefnda, sem kosnar hafa verið af borgarráði eða skipaðar af borgarstjóra til þess að vinna að einstökum félagslegum verkefnum, nema borgarráð eða lög ákveði annað; félagsmálaráð gerir fyrir n. k. áramót tillögur til borgarráðs (stjórnkerfisnefndar) um stöðu þessara nefnda,
- b. eftirlit með félagsmálastofnunum borgarinnar og frumkvæði að eflingu félagsmálastarfs í Reykjavík,
- c. áætlanir um byggingu félagsmálastofnana, starfsliðspörf og menntun starfsfólks,
- d. tillögugerð að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, að því er tekur til félagsmála.

Félagsmálaráð er svo skipað, að í því eiga sæti 7 menn: Borgarstjóri eða fulltrúi hans, og er hann jafnframt formaður, og 6 menn kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Kjörtímabil félagsmálaráðs er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn getur leyft, að flokkur, sem á fulltrúa í borgarstjórn en ekki kjörinn fulltrúa í félagsmálaráði, megi tilnefna fulltrúa (varafulltrúa) til að sitja fundi með málfrelsi og tillögurétti.

3. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fer með framkvæmd á ákvörðunum félagsmálaráðs.

Verkefni hinnar nýju félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar verða því sem hér segir:

- a. starfsemi, sem áður heyrði undir Skrifstofu félags- og framfærslumála, þ. e. framfærslumál, félagsmál, húsnæðismál og ellimál,
 - b. rekstur barnaheimila (vistheimila) og umsjón með rekstri barnaheimila Barnavinafélagsins Sumargjafar,
 - c. barnaverndarstarf, að svo miklu leyti sem lög um vernd barna og ungmenna heimila. Er skrifstofa barnaverndarnefndar deild í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.
 - d. áfengisvarnarstarf, sbr. þó lög nr. 58/1954, og samstarf við áfengisvarnardeild Heilsuverndarstöðvar.
4. Stefna skal að því, að öll félagsmálastarfsemi borgarinnar verði á einum stað í sameiginlegu húsnæði.